

Reykjanesbæ 17. mars 2021.

Virðulegu eigendur eigna í húsi númer 42, er stendur við Suðurgötu, 230 Reykjanesbæ. Þóra Björk Unnarsdóttir eign númer 01-0101, fastanúmer 209-0747, eignarhl. 30,22% og Fulltrúi Leigufélagsins Bríet ehf. Kristján Gestsson verkefnastjóri eignaumsýslu, eign 01-0001, fastanúmer 225-6022, eignarhl. 26,00%.

Ég Björn Sveinsson sem er eigandi efstu hæðar í sama húsi, númer 01-0201, fastanúmer 209-0748, eignarhl. 43,78%, vil með erindi þessu fara þess á leit við ykkur að þið kynnið ykkur það og takið afstöðu til erindisins.

Um er að ræða löngun mína til þess að láta smíða og koma fyrir á húsinu svölum. Þær yrðu á sama stað og sú sem nú er til suð-vesturs og snúa inn í garðinn (meðfylgjandi rissteikning). Núverandi svalir eru svo litlar að þær eru einskis nýtar. Frá því að ég flutti í húsið í byrjun árs 2016 hef ég aldrei stigið fæti út á þessar svalir. Þessi löngun mín um nýtilegar svalir er kostnaðarsöm framkvæmd sem ekki verður farið í án ykkar samþykkis og undirritunar.

Á þessu stigi málsins er ekki endanleg útfærsla svalanna tilbúin en samkvæmt upplýsingum byggingarfulltrúa um svona ferli er unnið eftir því. Meðfylgjandi rissteikning sýnir hugmynd mína en svo á eftir að koma í ljós hvort hún er yfirleitt framkvæmanleg. Áhugi minn stendur ekki til þess að nokkur stoð verði niður í lóðina.

Til upplýsingar þá er ferlið þannig að ef mér hlýst samþykki ykkar með undirritun þá fer málið til byggingarfulltrúa. Ef hann fyrir sitt leyti samþykkir erindið, ákveður hann hvort þörf sé á grenndarkynningu. Svo fer málið til verkfræðistofu. Þá er komið að því að smíða svalirnar sem yrðu væntanlega gerðar úr stálgrind. Einnig þarf að fjarlægja litlu steinsvalirnar sem fyrir eru.


Sjálfsgagt kemur í ljós eftir vinnu verkfræðistofunnar hvort mín hugmynd um svalir sé raunhæf eða eingöngu yrði um minni svalir að ræða en þá yrði það sennilega ekki þess virði að standa í þessu.

Ég vona innilega að þetta erindi mitt fá brautargengi hjá ykkur.

Með fyrirfram þökk fyrir afstöðu til málsins.

Samþykk erindinu:


Þóra Björk Unnarsdóttir


Björn Sveinsson



f.h. Leigufélags Bríet ehf. Kristján Gestsson

Samþykkt:


Póra Björk Unnarsdóttir

F.h. Leigufélagsins Bríet

Kristján Gestsson




SUÐURGATA




GRUNNMYND 1 H
87,4 M²

Ca. 1m



GRUNNMYND KJALLARA
78,6 M²



GRUNNMYND 2 H
87,4 M²

María Rós Skúladóttir
GRANNEYTTUR *Pálmi Guðmundsson*

- SKÝRNINGAR:
- [R] REYKSKYLIARI
 - ST. BLÖKKVITÆÐI
 - LR. LOFTFRÆÐING
 - SA. SALERNI
 - GN. GÖLFNÆRFALL

STÆRDIR:

SAMKÖV. ELÐRI TEKN. OG MÆLINGUM
NRL 1

SUÐURGATA NR. 42, REYKJANESBÆ

48473 0420
DÁÐS: 10.7.2000 GRUNNMYNDIR MKV. 1 : 100

ARTIK *artik@artik.is* F.S. 895 - 9202,
TEIKNISTOFA S. 421 - 4122.

STEINAR GEIRDAL BYGGINGAFRÆÐINGUR B. F. I. **A02**
040138 3829 DRANGAVELLIR NR. 2 230 KEFLAVÍK


Samþykkt:

Þóra Björk Unnarsdóttir


F.h. Leigufélagsins Bríet

Kristján Gestsson

HUGSANLEG FESTING
UPP Á VEGG.



SUÐUR



NORÐUR

